



3. FUNDUR Á MIÐÖNN 2020-21, MIÐVIKUDAGINN 13. JANÚAR KL. 11:15

Zoom fundur

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi:

Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda.

Skólaráð ítrekar að leyfi eru ekki gefin vegna ferða nema um sé að ræða keppnisferðir á vegum íþróttafélaga og/eða námsferða en bendir á að leyfi eru veitt í annarlok ef skólasókn er að öðru leyti góð – miðað er við 97% skólasókn fyrir utan þá daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólaráð ítrekar að leyfin eiga við um mætingu en ábyrgðin á náminu og skilaverkefnum er hjá nemandanum.

B. Önnur bréf:

Tveir nemendur sækja um undanþágu frá undanfaraáfangi í spænsku. – Samþykkt með fyrirvara eftir umsögn kennslustjóra í erlendum tungumálum.

Átta nemendur segja sig frá námi.

2. Félagslíf og fjármál NFFG

Morfís keppni framundan, á höfuðborgarsvæðinu og svo á Akureyri í lok janúar. Fögnum því að Gettu betur liðið er komið í 8 liða úrslit í sjónvarpinu.

Vökunótt er áætluð 5. feb. NFFG vonast eftir að geta haldið Salsaball á næstu önn, fótboltamót er á áætlun fyrir sumardaginn fyrsta. Ef aðstæður breytast mun fleira verða sett á dagskrá. Kosningaloforð þessarar stjórnar var að koma upp frístundahorni í skólanum t.d. með sófum og poolborði í viðbót við borðtennisborðið. Þetta er í skoðun.

3. Önnur mál

Samþykkt að fresta / færa Imbrudaga fram á vorönn en allir eru búnir að fá nóg af zoom fundum. Mögulega gætu orðið uppbrotsdagar tengdir balli ef hægt verður að halda það á næstu önn.

Mismunandi inngangar í skólann eru til að minnka hópamyndun, margir að koma á sama tíma í skólann kl.8.10 og kl.13.10, ekki á dagskrá að breyta því. Skilaboð frá nemendum er að fjórfaldir tímar séu of mikið í verklegu tímunum, reynum að forðast það í lengstu lög en stökkataflan og stofuataflan bjóða ekki alltaf upp á annað til að koma öllu fyrir. Hugmynd að hafa einhvers konar uppbrot í kennslutímum á þeim dögum sem áttu að vera Imbrudagar í lok janúar.

Nemendur eru til í að búa til myndband til að hvetja til bættrar flokkunar í flokkunarpökana okkar.

Fundinn sátu:

Anna Sóley Stefánsdóttir forseti NFFG

Auður Sigurðardóttir náms-og starfsráðgjafi

Dagný Hulda Broddadóttir náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason verkefnastjóri

Irena Ásdís Óskarsdóttir forvarnafulltrúi

Íris Hvanndal Skaftadóttir fulltrúi kennara

Kristinn Þorsteinsson skólameistari

Kristín Helga Ólafsdóttir áfangastjóri og fundarritari

Snjólaug E. Bjarnadóttir aðstoðarskólameistari og fundarritari

Snædís Snæbjörnsdóttir fulltrúi kennara

Tinna Ösp Arnardóttir félagsmálafulltrúi

Halldóra Björg Einarsdóttir fjármálastjóri NFFG